

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1592*  
*komudagur 30.3.2004*

Sýslumannafélag Íslands

Efnahags- og viðskiptanefnd.  
Alþingi.

150 Reykjavík.

Hafnarfjörður 24. mars 2004,

**Efni: athugasemdir við frumvarp Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl., nr.21/1991.**

Almennar athugasemdir:

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að greiðsluaðlögun gefi fólki möguleika á að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að missa eigur sínar og húsnæði í gjaldþroti. Hvað varðar þátt innheimtumanna ríkissjóðs í slíkum aðgerðum þá hafa á allra síðustu árum átt sér stað miklar breytingar á innheimtu og afskriftarreglum. Nú er að mestu látið nægja svokallað árangurslaust fjárnám í stað gjaldþrots hjá einstaklingum nema grunur sé á undanskoti eigna. Samkvæmt verklagsreglum Tollstjóra Reykjavíkur frá desember 2000, um hvenær krefjast skuli gjaldprotaskipta á búum einstaklinga og lögaðila segir í 8. gr., að almennt skuli ekki krefjast gjaldprotaskipta á búum einstaklinga og skiptir í því sambandi ekki máli hvort viðkomandi hafi starfað sem launamaður eða haft með höndum sjálfstæða starfsemi. Vegna þessa hefur gjaldprotaskiptabeiðnum hjá einstaklingum vegna vanskila á opinberum gjöldum fækkað verulega á síðustu árum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að kröfuhafar gefi eftir vexti, kostnað eða hluta skuldar. Í reynd hafa slíkir samningar utan réttar tíðkast lengi nema hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Ástæðan er einföld það eru engar heimildir í lögum til að lækka eða fella niður skuldir ríkissjóðs ef frá eru taldar heimildir í 3. og 4. mgr. 113.gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 um skuldabréfaútgáfu og nauðasamninga. Sem rökstuðning fyrir neitun á slíkum kröfum hefur verið vitnað til jafnræðisreglu stjórnarsýslunnar í 11.gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og til 2.mgr. 113.gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003. Miðað við óbreytt lög um innheimtu opinberra gjalda yrðu innheimtumenn ríkissjóðs að mótmæla öllum beiðnum um greiðsluaðlögun sem kæmu inn á þeirra borð.

Ekki er í frumvarpinu, greinargerð eða athugasemdum með frumvarpinu að finna upplýsingar eða reglur um hvernig fagleg aðstoð aðstoðarmanns fer fram eða hvaða heimildir, réttindi og skyldur aðstoðarmaður hefur í þeim efnum nema réttur til þóknunnar úr ríkissjóði. Athygli vekur að ekki er gerð krafa um faglega menntun eða reynslu vegna þeirrar faglegu aðstoðar sem hann skal inna af hendi. Þá er ekki gerð krafa um ábyrgðartryggingu aðstoðarmanns vegna starfans. Komi til skaðabótaábyrgðar vegna starfa aðstoðarmannsins hljóta að vakna spurningar um hver beri húsbóndaábyrgð, skuldarinn sem ákveður og ræður aðstoðarmann til starfans eða ríkissjóður sem greiðir honum þóknun.

Í frumvarpinu eru engin ákvæði um heimildir kröfuhafa til endurupptöku úrskurðar um greiðsluaðlögun s.s. vegna nýrra upplýsinga um fjárhag eða eignir skuldara, skuldari farinn af landi brott o.þ.h. Á sama hátt eru engin ákvæði um að skuldari sjálfur geti óskað eftir slíkri endurupptöku s.s. vegna breyttra aðstæðna.

## Athugasemdir um einstakar lagagreinar:

XI. kafli a. (64.gr.) 1.mgr. “og stundar ekki atvinnurekstur”. Hér er um mjög víðtækt ákvæði að ræða. Mjög algengt er að einstaklingar með sjálfstæðan atvinnurekstur stofni firma eða einkahlutafélag og gerast launamenn hjá sjálfum sér. Stunda slíkir einstaklingar atvinnurekstur? Þá geta aðilar verið launamenn en hafa jafnframt einhverjar tekjur af eigin atvinnustarfsemi. Þessar tekjur hversu litlar sem þær væru ættu skv. frumvarpinu að útiloka þá frá möguleikum á greiðsluáðlögun. Fjárhagur innan fjölskyldna blandast að sjálfsögðu saman ekki síst skuldbindingar og ábyrgðir. Þvi vakna spurningar um þetta ákvæði varðandi fjölskyldur þar sem annar aðilinn er launamaður en hinn stundar atvinnurekstur.

3.tl. 3.mgr. a. (64.gr.) Skuldari skal hafa ráðið sér mann til faglegrar aðstoðar. Þrátt fyrir að aðstoðarmaður skuli veita faglega aðstoð er ekki gerð krafa um faglega menntun s.s. á sviði viðskipta, fjármála eða lögfræði skv. frumvarpinu.

e. (68.gr.) Ekki er getið um hvernig boðun til fundar skuli háttáð. Skv. g. (70.gr.) þá hefur útivist kröfuhafa á dómþingi þau réttaráhrif að dómari getur þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluáðlögun með úrskurði. Þar sem miklir hagsmunir kunna að vera í húfi fyrir kröfuhafa er ekki óeðlileg krafa að boðun til þeirra sé með sannarlegum hætti, s.s. ábyrgðarbréfi. (Í athugasemdum við e-lið (68.gr.) er talað um greiðslustöðvun í stað greiðsluáðlögunar).


f. (69.gr.) Í athugasemdum með e-lið (68.gr.) kemur fram að aðstoðarmaður skuli tilkynna kröfuhöfum “sem vitað er um”. Í f-lið (69.gr.) kemur fram að hann skuli leggja fram “...tæmandi og sundurliðaða skrá um eignir og skuldbindingar”. Verður ekki að gera þá kröfu fyrst umsjónarmaður getur lagt fram tæmandi skrá yfir skuldbindingar að hann hafi boðað alla kröfuhafa en ekki suma til fundarins með sannarlegum hætti. Þá hlýtur sú spurning að vakna hvernig umrædd skrá geti verið tæmandi þar sem engin innköllun hefur átt sér stað s.s. í Lögbirtingarblaði.

g. (70.gr.) Hér er ekki gert ráð fyrir að skrá um eignir og skuldbindingar sé tæmandi eins og í f. (69.gr.)? “brýnasti framfærslukostnaður”. Ákvæðið er mjög opið og lagt undir ákvörðun aðstoðarmanna hver sé brýnasti framfærslukostnaður í hverju tilviki fyrir sig. Sé ekki við almennar viðmiðanir að styðjast um brýnasta framfærslukostnað er hætt á því að beiðnum um greiðsluáðlögun verði oft mótmælt. Með tilliti til jafnræðisreglu stjórnáráðs gæti innheimtumaður ríkissjóðs eða fjármálaráðuneytið ekki samþykkt mismunandi grundvöll fyrir framfærslukostnaði á milli aðila. Í verklagsreglum frá Tollstjóranum í Reykjavík frá ágúst 2001 um afdrátt af launum samkvæmt reglugerð nr. 124/2001, um launaafdrátt er innheimtumönnum ríkissjóðs settar ákveðnar viðmiðunarreglur um framfærslukostnað skuldara sem væntanlega yrði sá sami og samþykktur yrði af innheimtumönnum ríkissjóðs varðandi greiðsluáðlögun.

XII. kafli. a. (71.gr.) Í 3.mgr. kemur fram að óheimilt sé að taka bú skuldara til gjaldprotaskipta o.s.frv. Ákvæðið er óskýrt að því leyti að það virðist eiga við alla kröfuhafa. Væntanlega geta kröfuhafar skv. 1.-5. tl. 28.gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991 eftir sem áður beitt þessum réttarúræðum.

b. (72.gr.) Árlegar skýrslur aðstoðarmanna. Í 2.mgr. 78.gr. 1. nr. 21/1991 er að finna ákvæði sem skyldar skiptastjóra í þrotabúum að gera yfirlit yfir rekstur búsins tvisvar á ári. Staðreyndin er sú að þessi yfirlit eru sjaldnast gerð. Oftar en ekki þurfa kröfuhafar ítrekað að óska eftir þessum upplýsingum frá skiptastjórum og í sumum tilfellum hefur þurft að bera uppi skriflegar aðfinnslur við héraðsdóm vegna þessa í samræmi við 76.gr. 1. nr. 21/1991, um gjaldprotaskipti. Nauðsynlegt er að kröfuhafar geti óskað eftir upplýsingum frá aðstoðarmanni og eftir atvikum borið uppi skriflegar aðfinnslur við héraðsdóm um störf hans.

Unnið á skrifstofu sýslumannsins í Hafnarfirði,  
f.h. Sýslumannafélags Íslands,



Guðmundur Sophusson, sýslumaður